



Ágæti viðskiptavinur HS Veitna hf.

Í bréfi sem barst þér í endaðan júní kynnti fyrirtækið ákvörðun stjórnar um upphaf mælavæðingar hjá veitunni. Nú er sú vinna að fara af stað og óskar fyrirtækið eftir góðu samstarfi svo þau gangi sem best fyrir alla aðila. Vinna við uppsetningu mælaana hefst í Grindavík í annarri viku október.

Eftir útboð er búið að semja við verktaka.

Verktaki mun sjá um að fjarlægja núverandi hemil úr hemlagrind og setja í staðinn rennslismæli og ganga frá tengingum. Í kjölfar útboðs var samið við ÍAV þjónustu en undirverktaki þeirra er Býr Lagnir ehf. Býr Lagnir ehf hafa starfað síðan 1987 og hefur víðtæka þekkingu og reynslu af hitakerfum og lagnakerfum almennt.

Áður en komið verður til þín.

Tveimur til þremur dögum áður en kemur að því að skipta út núverandi hemli yfir í rennslismæli mun verktaki hafa samband til að kanna aðstæður og tryggja aðgengi að grind.

1 rúmmetri af vatn eru 1000 lítrar. Verður þetta dýrara?

Verðskrá HS Veitna hf er ekki að breytast með þessu. Þannig kostar rúmmetri af vatni 101,08 kr. samkvæmt gjaldskrá HS Veitna hf. Það verður algjörlega í höndum viðskiptavinar hvað keypt er mikið, viðskiptavinur stjórnar ferðinni sjálfur.

Starfmaður HS Veitna hf lítur inn.

Eftir mælauppsetningu lítur starfsmaður HS Veitna hf inn, yfirfer verkið, skráir niður mælanúmer og þessháttar, innsiglar rennslismæli, ræðir við notanda og svarar fyrirspurnum séu þær einhverjar.

Hlutfallsleg skipting greiðslu hætt – húsfélag eða einn aðili ábyrgur.

Með tilkomu mælaana verður ekki lengur hægt að skipta greiðslum eftir hundradshluta einstakra húshluta þeirra húsa þar sem margir notendur hafa sameinast um eina hemlagrind. Viðskiptavinir í húsnæði þar sem ein grind sinnir mörgum notendum verða því að koma sér saman um einn aðila sem er ábyrgur fyrir vatnsnotkun í húsnæðinu og ber hann einn ábyrgð á greiðslu reikninga fyrir notkunina. Algengt er að húsfélag sé þessi aðili og því getur reynst nauðsynlegt að stofna húsfélag þar sem það hefur ekki þegar verið gert.

Vilji aðilar sem hafa skipt notkun hlutfallslega, fá fleiri en eina mælagrind verða þeir að ráðfæra sig við pípulagnameistara um möguleika slíkrar uppskiptingar á hitakerfi hússins. Fyrir auka mæligrind er greitt sérstaklega samkvæmt gjaldskrá HS Veitna hf.

Upplýsingar um nafn og kennitölu þess sem ábyrgur verður fyrir greiðslu, ásamt samþykki allra hlutaðeigandi notenda, verða að berast skrifstofu HS Veitna hf áður en vinna við breytinguna hefst. Þessum upplýsingum skal komið til þjónustufulltrúa með tölvupósti á netfangið hs@hs.is eða með því að koma við í afgreiðslu okkar að Brekkustíg 36, sem er opin frá 08:15 – 16:00 mánudaga til föstudaga.

Frekari upplýsingar - góð vitund er nauðsynleg.

Inn á heimasíðu fyrirtækisins, www.hsveitur.is er að finna frekari upplýsingar um mælauppsetninguna og hægt er að fá svör við ýmsu henni tengdri. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar um gjaldskrá HS Veitna hf, kynna sér rúmmetraverð á vatni og bera það saman við verð eftir hemlakerfinu.

F.h. HS Veitna hf.

Árni Sigfússon
stjórnarformaður.

Júlíus Jónsson
forstjóri.